

Ár 2014, þriðjudaginn 28. október, kl. 14:00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Jóhannesi Albert Sævarssyni, Herði Felix Harðarsyni og Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir er tekið

mál nr. 6/2014:

Knattspyrnudeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

dómur

I.

Mál þetta dæma Jóhannes Albert Sævarsson, Hörður Felix Harðarson og Guðmundur Þórðarson.

Hinn áfrýjaði úrskurður féll á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 8. október 2014, en með úrskurðinum var áfrýjanda, knattspyrnudeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar (hér eftir nefnt FH), ákvörðuð sekt að fjárhæð 100.000 krónur.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að taka málið fyrir á ný og kveða upp úrskurð í málinu. Til vara er þess krafist að niðurstaða [svo] úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felldur úr gildi og FH verði ekki gerð refsing vegna hinna meintu atvika. Að því gengnu er þess krafist að sektin verði lækkuð verulega. Loks er þess krafist, verði krafa FH um heimvísun ekki tekin til greina, að málið verði munnlega flutt fyrir dómnum og skýrslur teknar af aðilum og vitnum.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt gr. 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir dómnum, né skulu þar fara fram vitna- og aðilaskýrslur, en dómnum er þó veitt heimild til þess að víkja frá þessum reglum.

Í samræmi við heimild í grein 5.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, sbr. grein 8.3. í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ, ákvað dómstóllinn að óska eftir greinargerð frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn að ekki séu efni til þess hér að víkja að öðru leyti frá nefndri meginreglu gr. 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ. Vitna- og aðilaskýrslur fara því ekki fram og ekki verður um munnlegan málflutning að ræða fyrir dómnum.

II.

Helstu málavextir eru þeir að þann 4. október 2014 fór fram knattspyrnuleikur í Pepsi-deild karla á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði á milli FH og Stjörnunnar úr Garðabæ. Úrslit leiksins urðu 1-2 Stjörnunni í vil. Leikskýrsla var send inn til KSÍ sama dag. Úr henni má lesa að tveir leikmenn hafi fengið brottvísun í leiknum; á 59. mínútu var Veigari Páli Gunnarssyni leikmanni Stjörnunnar vísað af leikvelli og á 96. mínútu var Kassim Doumbia leikmanni FH vísað af velli. Í skýrslu til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ segir að í báðum tilvikum hafi leikmönnum verið vísa af velli vegna ofsalegrar framkomu.

Í skýrslu dómarans Kristins Jakobssonar um framkvæmd leiksins kemur m.a. fram að framkvæmd leiksins, framkoma liða, framkoma áhorfenda og öryggisgæsla hafi verið óviðunandi. Eftir að leikmanni Stjörnunnar hafði verið vikið af leikvelli á 59. mínútu varð töf á að leikurinn gæti hafist að nýju vegna framkomu áhorfenda sem köstuðu lauslegum hlutum inn á leikvöllinn, t.d. gosflöskum og dósum. Samkvæmt starfsmanni FH hafi einn boltastrákanna fengi dós í höfuðið og einnig hafi samtímis verið hrækt á hann. Eftir að flautað hafi verði til leiksloka hafi leikmaður FH með leiknúmerið 20 veist að dómurum leiksins með mjög grófum og særandi orðbragði og þurftu samherjar hans ásamt öryggisvörðum að halda honum frá dómurum leiksins því tilburðir hans hafi verið mjög ógnandi. Dómarar leiksins töldu hættu stafa frá leikmanninum. Þegar dómarar ætluðu að yfirgefa leikvöllinn á leið til búningsherbergja í öryggisgæslu slapp einn stuðningsmanni FH að aðstoðardómara leiksins - sló hann aðstoðardómarann í bakið og hrifsaði af honum flaggið – fór með það í burtu og braut það. Lögregla og öryggisverðir handsömuðum stuðningsmanninn.

Í skýrslu Braga V. Bergmann dags. 07.10.2014, eftirlitsmanns með framkvæmd leiks FH og Stjörnunnar 4. október sl., segir m.a.: Þegar leikmanni nr. 10 hjá Stjörnunni var vísað af leikvelli á 59. mínútu, rigndi bjórdósum og ýmsu lauslegu inná vallarsvæðið úr stúkunni þar sem stuðningsmenn Stjörnunnar voru. Einn boltastrákur fékk bjórdós í höfuðið og á annan var hrækt, að sögn gæslumanna að leik loknum. Leikmaður nr. 20 hjá FH fékk rautt spjald að leik loknum fyrir meiðandi orðbragð og ofsafengna framkomu í garð dómarateymisins. Við það missti leikmaðurinn gersamlega alla stjórn á sér og þurfti nokkra liðsfélags hans sem og vallarstarfsmenn til að halda honum niðri. Framkoma hans var mjög ógnandi í garð dómarateymisins og óásættanleg með öllu. Í leikslok þustu nokkrir stuðningsmenn Stjörnunnar inn á leikvöllinn til að fagna en vallarstarfsmönnum tókst að lokum að fjarlægja þá. Nokkrir stuðningsmenn FH þustu sömuleiðis inn á völlinn til að hella sér yfir dómarateymið. Einum þeirra tókst að komast að AD1 (aðstoðardómara 1), slá hann í bakið, rífa af honum flaggið og slíta það í sundur. Mildi þykir að ekki fór verr. Þegar leiknum í Kaplakrika lauk fannst ógrynni áfengisumbúða á vallarsvæðinu – úr plasti, áli og gleri. Bjórflöskur úr GLERI, hvítvíns- og rauðvínsflöskur og snafsaflöskur. Það gæslulið sem var til staðar á Kaplakrika á laugardaginn gerði sitt besta en náði því miður ekki að hafa stjórn á hluta þeirra 6.500 áhorfenda sem mættu á staðinn. Eftirlitsmaður telur einsýnt að stemma verði stigu við því að áhorfendur á knattspyrnuleikjum komi með áfengi inn á áhorfendastæði því umbúðir geta reynst hættuleg vopn, eins og sýndi sig í þessum leik.

Með tölvupósti 7. október 2014 sendi Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri KSÍ Jóni Rúnari Halldórssyni formanni áfrýjanda, knattspyrnudeildar FH, agaskýrslu dómara úr leiknum. Sama dag hélt aga- og úrskurðarnefnd svokallaðan „rafrænan fund“, en frestaði síðan fundi til næsta dags, 8. október sl.. Að morgni 8. október var skýrsla eftirlitsdómara leiksins send formanni FH. Síðar sama dag kom aga- og úrskurðarnefnd saman og tók þá m.a. fyrir mál nr. 2 á dagskrá fundarins; skýrslu dómara og eftirlitsmanns KSÍ um framkvæmd leiks FH og Stjórnunnar í Pepsi-deild karla 4. október. Samþykkt var einróma í nefndinni að, a) sekta FH skv. reglugerð um 100 þ. (hámarkssekt). Klöru [Bjartmarz] starfsmanni nefndarinnar var falið að útbúa drög að bréfi og senda til yfirlstrar á nefndina. b) sekta Stjórnuna skv. reglugerð um 50 þ. Klöru var falið að útbúa drög að bréfi og senda til yfirlstrar á nefndina.

Með bréfi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ dags. 8. október 2014 til formanns knattspyrnudeildar FH var áfrýjanda tilkynnt um samþykkt nefndarinnar, þar sem vísað er í skýrslur dómara og eftirlitsmanns á leik FH og Stjórnunnar í Pepsi-deild karla 4. október 2014, þar sem greint er frá alvarlegum atvikum sem upp komu í leiknum, m.a. hafi aðstoðardómari verið sleginn í bakið, dós fleygt í höfuðið á boltastrák og hrækt á annan boltastrák. Þá er vísa til ábyrgðar knattspyrnudeildar FH á öryggi við framkvæmd leiksins og vísað í grein 18.3. í reglugerð um knattspyrnumót um að „félag eða aðili sem fyrir leik á að ráða skal tryggja fyllsta öryggi leikmanna og dómara leiksins.“ Þá segir að í ljósi alvarleika þeirra atvika sem upp komu hafi aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum þann 8. október ákveðið að beita hámarkssekt kr. 100.000 í samræmi við grein 13.9.4 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál þar sem segir: „Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 100.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggis leikmanna, þjálfara eða annarra telst tryggt.“ Undir bréfið ritar f.h. aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, Klara Bjartmarz, starfsmaður nefndarinnar.

III.

Knattspyrnudeild FH kærði úrskurð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 08.10 sl. til áfrýjunardómstóls KSÍ og var kæran móttækin á skrifstofu KSÍ þann 14.10. sl. Kæran barst innan áfrýjunarfrests, sem eru fimm virkir dagar frá því úrskurður var kveðinn upp, sbr. grein 5.3. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ.

Krafist er að niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar um að sekta knattspyrnudeild FH um 100.000 kr. verði felld úr gildi og lagt fyrir nefndina að taka málið fyrir á ný og kveða upp úrskurð í málinu. Byggir áfrýjandi kröfu þessa á því að í grein 3.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál segir skýrt

og greinilega að nefndinni beri að úrskurða í öllum agamálum. Niðurstaða nefndarinnar beri það ekki með sér að vera formlegur úrskurður í samræmi við tilvitnað ákvæði grein 3.2.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda KSÍ og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Skulu öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ, skv. gr. 3.1., sbr. gr. 1.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd. Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma á atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í keppni á vegum KSÍ, sbr. gr. 6.1. Ekki er ágreiningur um að mál það sem kært hefur verið til áfrýjunardómstóls KSÍ heyrir undir úrskurðarvald aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Ákvarðanir, samþykktir og niðurstöður nefndarinnar í einstaka aga- og kærumálum eru í eðli sínu úrskurðir enda hefur nefndin ekki öðru hlutverki að gegna en að úrskurða í öllum agamálum og er jafnframt fyrsta dómstig í kærumálum sem upp koma innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Því verður ekki fallist á það með áfrýjanda að ekki hafi verið kveðinn upp kæránlegur úrskurður í málinu hjá aga- og úrskurðarnefnd þann 8. október 2014. Þá verður ekki litið svo á að bréf það sem aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fól starfsmanni nefndarinnar að rita til áfrýjanda hafi falið í sér framsal á úrskurðarvaldi nefndarinnar. Bréf þetta sem fór til yfirlestrar hjá nefndinni áður en það var sent út í hennar nafni, fól í sér tilkynningu um ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem réttilega hafði verið tekin á fundi nefndarinnar þann 8. október.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að knattspyrnudeild FH hafi ekki verið gefinn kostur á að koma að skriflegum athugasemdum við athugasemdir í skýrslum dómara og eftirlitsmanns áður en ákvörðun um refsingu var tekin af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þann 8. október sl.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hélt reglulegan nefndarfund þriðjudaginn 7. október sl. Samkvæmt gr. 5.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal nefndin halda fundi að jafnaði einu sinni í viku og skulu öll mál tekin fyrir á næsta fundi eftir að þau berast. Reglugerðin gerir ráð fyrir skömmum málsmeðferðartíma. Mál það sem hér er til umfjöllunar barst nefndinni fyrir reglulegan nefndarfund 07.10. sl. Fyrir liggur að forsvarsmaður áfrýjanda var í tölvupóstsamskiptum við KSÍ að morgni 7. október og var honum þá send „agaskýrsla“ dómara, sem að vísu virðist aðeins lúta að háttsemi þeirra leikmanna sem vikið var af leikvelli 4. október. Þá var forsvarsmanni áfrýjanda að morgni 8. október send skýrsla eftirlitsmanns með framkvæmd leiksins, en sú skýrsla lýtur að því sakarefni sem hér er til umfjöllunar, auk áður nefndra brottvísana leikmanna. Heimilt er að koma á framfæri athugasemdum og sjónarmiðum við atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns, sbr. grein 6.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Slíkar athugasemdir komu ekki fram hjá áfrýjanda áður en nefndin tók þann 8. október ákvörðun um að beita áfrýjanda hámarkssekt vegna

þeirra atvika sem eru á ábyrgð áfrýjanda skv. gr. 18.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sbr. gr. 13.9.4. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og greint er frá í skýrslum dómara og eftirlitsmanns með leiknum.

Athugasemdir áfrýjanda við skýrslur dómara og eftirlitsmanns um atvik og framkvæmd leiksins liggja nú fyrir í áfrýjun til áfrýjunardómstóls KSÍ. Þegar á allt ofangreint er litið verður að hafna þeirri kröfu áfrýjanda að fella beri úr gildi úrskurð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 8. október 2014.

Þá krefst áfrýjandi þess til vara að niðurstaða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felldur út gildi og FH verði ekki gerð refsing vegna hinna meintu atvika.

Fyrir liggja skýrslur dómara leiksins, Kristins Jakobssonar, og eftirlitsmanns, Braga V. Bergmann, sem báðar eru á einn veg. Framkvæmd leiksins var óviðunandi. Framkoma beggja liða var óviðunandi. Framkoma áhorfenda og stuðningsmanna beggja liða var óviðunandi. Öryggisgæsla á leiknum var óviðunandi. Dómurum leiksins fannst þeim stafa ógn af leikmönnum beggja liða og áhorfendum og/eða stuðningsmönnum liðanna. Þrátt fyrir nokkra öryggisgæslu þá dugði hún ekki til að tryggja dómurum leiksins þá nauðsynlegu vernd sem gera verður kröfu til í knattspyrnuleikjum almennt. Þá var umræddur leikur FH og Stjórnunnar bæði afar þýðingarmikill og fyrir lá að uppselt yrði á leikinn. Öryggisgæsla sú sem var til staðar á leiknum virðist ekki hafa verið nægjanlega öflug eða í fullu samræmi við tilefnið.

Málsástæður áfrýjanda gegn sektarálagningu aga- og úrskurðarnefndar sem fram koma í áfrýjun breyta því ekki með hvaða hætti dómarar og starfsmenn KSÍ á leiknum upplifðu aðstæður og þá ógn sem þeir töldu sig standa frammi fyrir í umræddum leik. Nauðsynlegt er að tryggja fyllsta öryggis dómara leiksins. Ábyrgð sú hvílir á heimaliðinu hverju sinni skv. grein 18.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og verður ekki vísað annað. Breytingar sem gerðar voru á leiktíma í umrætt sinn, sjónarmið um mikilvægi leiksins fyrir úrslit á Íslandsmóti karla eða um fjölda áhorfenda á leiknum, breytir hér engu um ábyrgð áfrýjanda.

Dómurinn felst á mat aga- og úrskurðarnefndar KSÍ á alvarleika þeirra atvika sem upp komu við framkvæmd leiks FH og Stjórnunnar í Pepsi-deild karla þann 4. október 2014 og að dómarar leiksins hafi ekki notið fyllsta öryggis þegar veist var að þeim að leik loknum.

IV.

Að öllu framansögðu virtu er það niðurstaða áfrýjunardóms KSÍ að fallist er á það með aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að rétt hafi verið að sekta áfrýjanda vegna háttsemi áhorfenda í leik FH og Stjórnunnar þann 4. október 2014 með vísan til greinar 13.9.4. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og greinar 18.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Það er niðurstaða dómsins að rétt hafi verið að beita áfrýjanda hámarks sektarviðurlögum, kr. 100.000, í máli þessu, sbr. 1. ml. greinar 13.9.4 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Dómurinn fundaði fyrst vegna málsins 17.10. sl. Ákvað dómurinn þá að afla frekari upplýsinga og gagna frá aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í samræmi við ákvæði 5.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál sbr. ákvæði 8.3. í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.


Guðmundur Þórðarson


Hörður Felix Harðarson


Jóhannes Albert Sævarsson